

Mosfellsbær
Haraldur Sverrisson bæjarstjóri
Þverholti 2
270 Mosfellsbær

Vindhóli 2. mars 2017

Sæll Haraldur

Erindið er að kanna möguleikann á því að fá gatnagerðargjald felld niður að hluta eða öllu leyti vegna skemmubyggingar á Vindhóli, sem er skráð lögbýli á svæði með blandaðri landnotkun.

Ég er að fara að byggja tækja- og geymsluskemmu að Vindhóli, grunnflötur er 350 fermetrar og milliloft er 150 fermetrar. Búið er að skila teikningum og fá þær samþykktar.

Ég skal viðurkenna að ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að gatnagerðargjöld af þessari skemmu-
byggingu yrðu um 15 milljón krónur, eða þau sömu og ef ég væri að byggja 500 fermetra einbýlishús.

Ástæða þess að ég óska eftir lækkun eða niðurfellingu gatnagerðargjalda er sú að bygging skemmunnar er liður í landbótum á Vindhóli. Ég er að dreina út túnin hjá mér og loka skurðum sem fyrir eru á túnunum. Meiningin er að rækta þau upp og nýta til heyöflunar. Þetta er kostnaðarsamt verkefni, en metnaður minn stendur til að stuðla að aukinni nýtingu landgæða og hafa með því jákvæð áhrif á umhverfið. Í því samhengi vísa ég í greinargerð deiliskipulags Vindhóls, en þar er eftirfarandi tilvitnun í aðalskipulag Mosfellsbæjar: „Leggja skal áherslu á mótun vandaðs búsetulandslags þar sem nýting landgæða hafi jákvæð áhrif á umhverfið. Lögð skal rækt við þá eiginleika sem hin sérstaka blanda íbúðarbyggðar og landbúnaðar í Mosfellsdal hefur.“

Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllt



Sigurdór Sigurðsson
Vindhóli
Sími 660-1305
Netfang sigurdor@grayline.is